

Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

Mánudaga - fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – sunnudaga	kl. 10 – 18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is

Heilsueflandi samfélag

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Nóvember 2019

HVATARBLAÐIÐ

Árshátíð Kerhólsskóla



Árshátíð Kerhólsskóla 2019 verður haldin
21. nóvember kl. 17:00 í Félagsheimilinu Borg.
Sett verður upp leikritið um Ronju Ræningjadóttur.
Það kostar 1000 kr. inn, veitingar í boði foreldra eru
innifaldar í verðinu.

Allur ágóði rennur í bekkjarsjóð nemenda.

Allir velkomnir ☺



FUNDARGERÐ.

466. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 2. október 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða við útsenda dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

a) Persónuverndarfulltrúi.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. september 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. september 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 28. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. mars 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Sími 899-2910 
Nóvember 2019
www.pizzavagninn.is Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
24. okt Laugarvatn 18:00-20:30	25. okt Flúðir 18:00-21:00	26. okt Borg 18:00-20:30
31. okt	1. nóv Árnes 18:00-20:30	2. nóv Reykholt 18:00-20:30
7. nóv Laugarvatn, 18:00-20:30	8. nóv Flúðir 18:00-21:00	9. nóv Lokað í dag
14. nóv	15. nóv Brautarholt 18:00-20:30	16. nóv Reykholt 18:00-20:30
21. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	22. nóv Flúðir 18:00-21:00	23. nóv Borg 18:00-20:30



Sími 899-2910 
Desember 2019
www.pizzavagninn.is Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
21. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	22. nóv Flúðir 18:00-21:00	23. nóv Borg 18:00-20:30
28. nóv	29. nóv Árnes 18:00-20:30	30. nóv Reykholt 18:00-20:30
5. des Laugarvatn, 18:00-20:30	6. des Flúðir 18:00-21:00	7. des Lokað í dag
12. des	13. des Brautarholt 18:00-20:30	14. des Reykholt 18:00-20:30
19. des Jólafrí	20. des Opnum aftur 10. janúar 2020	21. des 

www.sveitir.is
 Upplýsingar um ferðapjónustu og
 viðburði í Uppsveitunum.



ÁRTANGI

669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16

*Kryddjurtir
í
úrvali*



Verið hjartanlega velkomin.

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land Austurvegi 6
LÖGMENN

- b) Fundargerð 31. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. júní 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) Fundargerð 32. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. júní 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) Fundargerð 33. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. september 2019.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 33. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 26. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1 Tilnefning í ungmennaráð.

Nefndin leggur til að samþykkt fyrir ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps verði breytt á eftirfarandi hátt:

1.gr. er:

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 18 ára í sveitarfélaginu, í umboði sveitarstjórnar, eftir því sem nánar kemur fram í samþykkt þessari.

Verður:

1.gr. Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 20 ára í sveitarfélaginu, í umboði sveitarstjórnar, eftir því sem nánar kemur fram í samþykkt þessari.

7.gr. er:

Ungmennaráð skal skipað fimm fulltrúum og fimm til vara á aldrinum 13 til 18 ára. Allir fulltrúar skulu hafa lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn óskar eftir því að eftirfarandi nefndir og stofnanir tilnefni árlega fulltrúa í ungmennaráðið og skal tilnefningin eiga sér stað fyrir 1. október ár hvert.

- Nemendaráð grunnskólans skal tilnefna 3 fulltrúa og 3 til vara á aldrinum 13 – 16 ára.
 - Æskulýðs- og menningarmálnefnd tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara á aldrinum 16 - 18 ára.
- Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. október til 30. september, ár hvert.

Verður:

Ungmennaráð skal skipað fimm fulltrúum og fimm til vara á aldrinum 13 til 20 ára. Allir fulltrúar skulu hafa lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn óskar eftir því að eftirfarandi nefndir og stofnanir tilnefni árlega fulltrúa í ungmennaráðið og skal tilnefningin eiga sér stað fyrir 1. október ár hvert.

- Nemendaráð grunnskólans skal tilnefna 3 fulltrúa og 3 til vara á aldrinum 13 – 16 ára.
 - Æskulýðs- og menningarmálnefnd tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara á aldrinum 16 - 20 ára.
- Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. október til 30. september, ár hvert.
- Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita / sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.

- e) Fundargerð 50. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. september 2019.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 50. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 22. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3 Uppgjör á dagatali.

Atvinnumálanefnd leggur til að þjónustudagatal sveitarfélagsins fyrir 2020 verði gefið út með sama hætti og undanfarin ár og óskar eftir leyfi til þess.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þjónustudagatal 2020 verði gefið út.

- f) Fundargerð 19. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. september 2019.

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. október til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorlákssmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Getraunanúmer UMF. Hvatar er

809

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00



Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Feðgaverk

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar

Lögð fram 19. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 26. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2 Breytingar á reglum um styrk til viðhalds á vegum í frístundabyggð.

Farið yfir reglur um styrk til viðhalds á vegum í frístundabyggð. Samgöngunefnd leggur til að skerpa á 2. grein reglnanna. "Félög frístundabyggða og sumarhúsaeygenda sækja um styrk til sveitastjórnar fyrir 1. mars ár hvert á þar til gerðu eyðublaði. Skilyrt er að kostnaðaráætlun fylgi fyrirhugaðri framkvæmd. Í lok apríl ár hvert liggur fyrir hverjir munu fá úthlutað styrk og verður styrkurinn greiddur út eftir framvísun afrita af reikningi, þó eigi síðar en 31. desember það ár sem styrkurinn er veittur."

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingar.

Mál nr. 3 Malbikun gangstétta á Borg.

Samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 verði gert ráð fyrir fjármunum til uppbyggingar gangstétta og göngustíga í þéttbýliskjarnanum Borg. Einnig verði komið upp varanlegum hraðahindrunum á svæðinu og gangbrautir og aksturslínur endurmálaðar. Samgöngunefnd telur þetta mikilvægan þátt í því að efla umferðaröryggi á svæðinu, jafnt fyrir akandi umferð sem og gangandi eða hjólandi. Þá muni framkvæmdin einnig geta haft það í för með sér að eftirsókn í óbyggðar lóðir á svæðinu aukist og önnur uppbygging á svæðinu haldi áfram, sem er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að fjölga byggðum lóðum á svæðinu.

Sveitarstjórn fagnar tillögunni og vísar henni til fjárhagsáætlunargerðar.

- g) Fundargerð 184. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. september 2019.

Mál nr. 18, 19 og 20 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 184. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 25. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 18: 1909031 - Kringla 4 L227914; Frístundabyggð; Deiliskipulag

Fyrir liggur umsókn Más Jóhannssonar, dags. 9. maí 2019 um gerð nýs deiliskipulags frístundasvæðis á jörðinni Kringlu 4. Umsókninni fylgir lýsing og tillaga að skipulagsupphætti á skipulagsverkefni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi lýsingu og er skipulagsfulltrúi falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 19: 1904009 - Kerið 1 L172724; Gestastofa og bílastæði; Deiliskipulag

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagstillaga fyrir Kerið, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Tillagan var auglýst 26. júní 2019, með athugasemdarfresti til 7. ágúst 2019. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skógræktarfélagi Árnesinga.

Sveitarstjórn telur að upphætti og greinargerð hafi verið uppfærð til samræmis við athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila og felur skipulagsfulltrúa að svara aðilum hverjum fyrir sig, með ítarlegum hætti sbr. fylgigagn, minnisblað dags. 10.9.2019 „Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu að deiliskipulagi Kersins“.

Athugasemdir Skógræktarfélags Árnesinga eru eftirfarandi:

„Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Árnesinga bendir á að mörk deiliskipulagssvæðis séu ónákvæm og ekki gerð grein fyrir landamerkjahnitum, og er gerð krafa um að landamerkjapunktur K, sem getið er um í dómi aukadómsþings Árnessýslu í landamerkjamáli milli Miðengis og Snæfoksstaða frá 24.4.1983, verði sýndur og Kerfélagið sanni tilveru og staðsetningu landamerkjapunkts K. („þúfa á vestari Vatnskarsbrún“)

Þá er bent á að á deiliskipulagsupphætti sé gönguleið við Kerið sýnd og fari sú gönguleið inn á landasvæði

Eldri borgarar Grímsnes-og Grafningshreppi

Starfsmaður Héraðsskjalasafn Árnesinga kemur í heimsókn 12. nóvember n.k. kl. 12:30

Staður: Stjórnsýsluhúsinu (fundarherbergi)

Kynning á skjalasafninu og starfsemi þess.

Kynning og sýnikennsla á ljósmyndavef safnsins.

Myndasýning og greining ljósmynda frá Grímsnesi og Grafningi.

Ef þú hefur áhuga á að afhenda skjöl og/eða ljósmyndir til safnsins þá er hægt að taka það með sér eða tala við Guðmundu starfsmann safnsins um það á staðnum.



**Héraðsskjalasafn
Árnesinga**

Þriðjudaginn 5. nóvember n.k. kl. 18:00

verður opinn fundur Skólaráðs um ytra mat
Menntamálastofnunar fyrir Kerhólsskóla
sem fór fram vorið 2019

Dagskrá:

- Glærukynning frá Menntamálastofnun
 - Umræður um Ytra matið.

Á heimasíðu Kerhólsskóla, kerholsskoli.is er hægt að kynna sér skýrsluna.

Súpa og brauð í boði Sveitarfélagsins.



Dagur Íslenskrar tungu

Við í Kerhólsskóla ætlum að halda upp á dag
Íslenskrar tungu **Föstudaginn 15. nóvember**
klukkan 11 í Félagsheimilinu Borg.

Við hvetjum foreldra/forráðamenn og eldri borgara að
mæta og hlusta á söng og upplestur.



Snæfoksstaða, og að Skógræktarfélagið sætti sig ekki við að
Kerfélagið láti skipuleggja inn á land Snæfoksstaða. “

Svar sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn leggur til að landamerki verði ekki sýnd á
uppdraetti, einungis hnit fyrir afmörkun deiliskipulagsins.
Varðandi göngustíg, þá er hann sýndur á uppdraetti í samræmi
við núverandi legu hans við Kerið. Á uppdraetti er tekið fram að
lega göngustíga sé til skýringar og því ekki um bindandi ákvæði
að ræða. Sveitarstjórn vill árétta að með samþykkt á
deiliskipulagstillögu er ekki tekin afstaða til landamerkja eða
afmörkunar lands.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu og er
skipulagsfulltrúa falið að senda hana Skipulagsstofnun til
afgreiðslu samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr.
123/2010.

**Mál nr. 20: 1909002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa –
19 – 106.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa
frá 19. september 2019.

**h) Fundargerð 33. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar
Árnesþings, 25. september 2019.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**i) Fundargerð sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu og
Flóahrepps um mögulega sameiginlega vatnsöflun og
stofnveitu, 20. september 2019.**

Barfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Hugmyndir um sameiginlega vatnsveitu fyrir sveitarfélögin
Bláskógarbyggð, Hrunamannahrepp, Skeiða- og
Gnúpverjahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp og Flóahrepp.
Skoðuð verði nýting á lindum ofan byggðar í Árnessýslu nánar
tiltekið í Fljótsbotnum. Lagt er til að skipaður verði starfshópur
sem falið verði að skoða nánar möguleika á sameiginlegri
vatnsöflun og stofnlögn, meta kostnað og vinna þarfagreiningu.
Gera þarf ráð fyrir kostnaði við hönnunarvinnu í
fjárhagsáætlun næsta árs og því mikilvægt að liggi fyrir á
næstunni hvaða sveitarfélög hafi áhuga á að taka þátt í

verkefninu. Óskað er eftir tilnefningu tveggja til þriggja aðila frá hverju sveitarfélagi í starfshópinn, sem myndi hefja störf í október 2019.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í vinnu við forathugun þessa verkefnis og að fulltrúar sveitarfélagsins í starfshópnum verði Ingibjörg Harðardóttir, Ása Valdis Árnadóttir og umsjónarmaður aðveitna.

j) Fundargerð 193. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 20. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 11. fundar stjórnar Bygðasafns Árnesinga, 26. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Skólaakstur.

Fyrir liggur að forsendur í samningi um skólaakstur 2017-2021 eru brotnar vegna fjölgunar barna í bilunum á báðum akstursleiðum. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

Björn Kristinn Pálmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Heimaási, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 23. september 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Heimaási, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu. Smári Bergmann Kolbeinsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.


Fyrir liggur að tilnefna þurfi fulltrúa sveitarfélagsins á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður í dag, 2. október. Samþykkt er að Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúi sveitarfélagsins.

6. Beiðni um styrk frá Skálholtskórnum vegna ferðar til Ungverjalands.

Pokana sem nota á í **brúntunnuna** er hægt að fá **frítt** í Sundlauginni á Borg



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunnuna.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFÖSS

Bar Svar (Pub Quiz) á degi íslenskrar tungu.

Skemmtileg kvöldstund fyrir sveitunga
og velunnara laugardaginn
16. nóvember í Félagsheimilinu Borg
kl. 20:30.

Barinn opinn, líf og fjör!
1000 kr. inn og 18 ára aldurstakmark.

Nánari upplýsingar á viðburðinum
á Facebook:



Bar Svar á Borg

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Skálholtskórnum vegna ferðar kórsins til Ungverjalands. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

7. **Bréf frá Sigríði B. Sigurjónsdóttur f.h. Tré lífsins þar sem kannað er með áhuga sveitarfélagsins á Minningargörðum.**

Fyrir liggur bréf frá Sigríði B. Sigurjónsdóttur f.h. Tré lífsins, dagsett 20. september 2019 þar sem kannað er með áhuga sveitarfélagsins á Minningargörðum. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

9. **Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

10. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 122. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

11. **Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (heildarlög), 101. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

12. **Minnisblað frá starfshópi og verkefnisstjórn um svæðisskipulag fyrir Suðurlálandið.**

Fyrir liggur minnisblað frá starfshópi og verkefnisstjórn um svæðisskipulag fyrir Suðurlálandið þar sem óskað er þátttöku sveitarfélaganna í vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlálandið og jafnframt að tilnefndir verði tveir fulltrúar sveitarfélagsins í þá vinnu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í vinnu við svæðisskipulag fyrir Suðurlálandið og heimilar SASS að ganga til samninga við Eflu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Sveitarstjórn skipar eftirtalda aðila sem aðalmenn í starfshóp um svæðisskipulagsvinnuna:

Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson og til vara Smári Bergmann Kolbeinsson og Bjarni Þorkelsson.

13. Birt til umsagnar frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga drög að sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samtökum Sunnlenskra sveitarfélaga drög að sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 16. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

15. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 .

Fyrir liggur að birtar eru til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

16. Önnur mál.

a) Persónuverndarfulltrúi.

Fyrir liggur fundargerð fundar oddvita og sveitarstjóra sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi þar sem fram kemur áhugi á því að öll sveitarfélög Árnessýslu sameinist um persónuverndarfulltrúa sem heyra myndi undir Héraðsskjalasafn Árnesinga. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir að málið verði tekið fyrir á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 284. stjórnarfundar 04.09 2019.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 199. stjórnarfundar 25.09 2019.



	Fimmtudagur	Föstudagur	L	S
		1	2	3
7 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lo- kað námskeið	8	9	10	
14 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lo- kað námskeið	15 11:00 Dagur íslenskrar tungu. Verið velkomin á upplestur og söng grunnskólanema	16	17	
21 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lo- kað námskeið Árshátíð Kerhólsskóla Allir velkomnir	22	23	24	
28 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	29	30		

Nóvember
dagskrá eldri borgara
Grímsnes- og Grafningshrepps

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
4 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11:15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	5 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	6 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur
11 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11:15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	12 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:30 Guðmunda skjalavörður frá Héraðsskjalasafni Árnesinga kemur í heimsókn (sjá sérstaka auglýsingu)	13 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur
18 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11:15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	19 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	20 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur
25 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11:15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	26 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	27 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur

- ✓ Bréf frá Klöru E. Finnbogadóttur f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sigríði K. Hrafnkelsdóttur verkefnisstjóra Forvarnardagsins 2019, dagsett 20. september 2019 þar sem kynnt er að forvarnardagurinn verði haldinn í 14. sinn þann 2. október n.k.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:55

Press esc to exit full screen

Heilsudekur í Félagsheimilinu að Borg, 11. nóvember

Jógææfingar, öndunaræfingar, hugleiðsla og djúpslökun

Kl. 17:30 - 19:00

Ekki þarf að hafa reynslu af jóga til að vera með 🧘‍♀️

Program

- Jóga æfingar sem stuðla að jafnvægi í hormóna- og taugakerfi
- Öndunaræfingar
- Hugleiðsla
- Leidd liggjandi djúpslökun með aðferð jóga nidra
- Ilmkjarnaoliur til að auka slökun fyrir þá sem vilja
- Gongtónheillun í lok tímans

Verð 1500 kr

Nánari upplýsingar og skráning hjá Heiðu Björk, jóga kennara,
heida@heidabjork.com og í síma 8650154
 Upplýsingar um Heiðu Björk á www.heidabjork.com



FUNDARGERÐ.

467. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. október 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. október 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 82. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 30. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS),

8. október 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Þann 25. september buðum við svo leik- og grunnskóladeild Kerhólsskóla í heimsókn til okkar. Leikskólinn kom fyrstur og skoðaði tæki og tól sveitarinnar. Við afhentum þeim ný sýnileikavesti fyrir þau að nota í vettvangsferðum leikskólans ásamt endurskinsmerkjum fyrir krakkana að setja á sínar eigin úlpur.

Næst kom 7. - 10. bekkur.

Þau fengu fræðslu um tæki og tól sveitarinnar ásamt kynningu á unglingadeildinni sem rekin er með Björgunarsveitinni Ingunni á Laugarvatni og Björgunarsveit Biskupstungna.

Vonum við svo sannarlega að þar leynist framtíðar björgunarfólk okkar.

Í lokin kom svo 1. - 6. bekkur.

Fengu þau sömu fræðslu og unglingarnir en án áherslunnar á unglingadeildina.

Allir í grunnskólanum fengu einnig endurskinsmerki sem þau þáðu með glöðu geði.

Við þökkum kærlega fyrir heimsóknina og vonum að allir hafi haft jafn gaman af og við.

Til fróðleiks:

Til að starfa í hjálpar- og björgunarsveitum þarf fólk ekki endilega að vera tilbúið að fara á fullt í menntun og ætla sér út í erfiðustu og verstu aðstæðurnar til bjargar fólki eða hafa brennandi áhuga á björgunartækjum sem slíkum.

Ef þú hefur áhuga á að gerast meðlimur og leggja starfinu lið má alltaf gera það með þátttöku í hinum ýmsu fjáröflunar- og gæsluverkefnum ásamt ýmsu öðru sem fellur til.

Kv. Jóhannes



Fréttir frá Hjálparsveitinni TINTRON

Lítið hefur borið á útköllum undanfarna tvo mánuði sem við getum ekki litið á öðruvísi en góðan hlut en þau voru eftirfarandi.

8. september

F2 Slasaður einstaklingur neðan við Botnsúlur.

23. september

F2 Leit að tveimur kajakræðurum inn á Hrunamannaafretti

24. október

F3 Óveðursaðstoð, þak að fjúka á Kárastöðum

Helst er að fréttu af okkur síðastliðna tvo mánuðina að þann 9. september síðastliðinn barst formanni sveitarinnar tölvupóstur frá Kvenfélagi Grímsneshrepps.

Þar þökkðu þær fyrir lán á tjöldum og þátttöku okkar á Grímsævintýrunum. Einnig var okkur tilkynnt að Kvenfélagið hefði ákveðið að styrkja okkur sem nemur 400.000 krónum til búnaðar og tækjakaupa. Mun sá styrkur koma að góðum notum við að fjölga börum og öðrum búnaði til flutnings og aðhlynningar á sjúklingum svo að hvert tæki komist sem næst því að hafa yfir að ráða þessum hlutum. Við það stýttist viðbragðstíminn einnig og björgunarmál innan sveitarfélagsins styrkjast enn frekar. Þessi búnaður hefur nú þegar verið pantaður og bíðum við eftir að fá hann í okkar hendur. Við viljum koma á framfæri okkar bestu þökkum fyrir ómetanlegan stuðning sem þennan.

Takk kærlega fyrir okkur Kvenfélag Grímsneshrepps.



c) Fundargerð 38. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 4. október 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Staða fjárhagsáætlunar 2019.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2019 eftir fyrstu níu mánuði ársins.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna ýmissa breytinga sem liggur fyrir að þurfi að gera. Jafnframt er bætt við fjárhagsáætlun ársins 2019 greiðslur frá íslenska ríkinu vegna Hæstaréttardóms í svokölluðu „Jöfnunarsjóðsmáli“ og kaup sveitarfélagsins á jörðinni Björk 1 sem keypt var á uppboði þann 3. júlí s.l.

Með viðaukanum eykst hagnaður A og B hluta ársins 2019 um 483,7 milljónir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

5. Aðalfundur Bergrisans bs.

Fyrir liggur að aðalfundur Bergrisans bs. verður haldinn miðvikudaginn 23. október n.k. í Ráðhúsi Árborgar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir og Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundinum og Smári Bergmann Kolbeinsson og Björn Kristinn Pálmarsson til vara.

6. Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Fyrir liggur að aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings verður haldinn miðvikudaginn 23. október n.k. í Þingborg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Ingibjörg Harðardóttir til vara.

7. Jafnlaunavottun.

Oddviti fór yfir stöðu mála. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinna hefjist í nóvember. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps í þessari vinnu.

8. Þjónustufulltrúi seyruverkefnis.

Oddviti kynnti starfslýsingu fyrir þjónustufulltrúa seyruverkefnis og tillögu að kostnaðarskiptingu bæði vegna starfsmanns og seyruverkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýst verði eftir starfsmanni seyruverkefnis á grundvelli starfslýsingar og áætlaðs kostnaðar. Kostnaðarskiptingin hefur ekki fengið umfjöllun í oddvitanefnd uppsveita og óskar sveitarstjórn eftir að málið verði tekið fyrir og rætt í oddvitanefnd uppsveita. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að oddvitanefnd leggi fram heildartillögu að kostnaðarskiptingu þar sem sama prósentutala er notuð við skiptingu hvort sem það eru fjárfestingar, rekstur verkefnisins, starfsmannsins og bílsins.

9. Snjómokstur.

Fyrir liggja drög að verðkönnun í helmingamokstur með Vegagerðinni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita / sveitarstjóra að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

10. Úrskurður frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í máli SRN18030100, kæra Grímsnes- og Grafningshrepps á ákvörðun Þjóðskrár Íslands.

Fyrir liggur úrskurður frá Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu í máli SRN18030100 þar sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps kærir ákvörðun Þjóðskrár Íslands um skráninguna „óstaðsettir í hús“. Niðurstaða ráðuneytisins er að Þjóðskrá Íslands sé heimilt að flytja fólk milli sveitarfélaga „óstaðsett í hús“.

Sveitarstjórn harmar að ekki séu til skýrari lagaákvæði um skráningu óstaðsettra í hús. Í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur „óstaðsettum í hús“ fjölgað um 120% á einungis hálfu ári (fyrrihluta árs 2019). Ný lög tóku gildi 1. janúar 2019 nr. 80/2018 og þykir miður að ekki sé tekið á þessu máli þar. Fyrir sveitarfélög eins og Grímsnes- og Grafningshrepp sem hafa gríðarlegan fjölda frístundahúsa þá getur slík skráning haft ófyrirsjáanleg áhrif á lögskyld verkefni sveitarfélagsins, bæði í framkvæmd og kostnaði. Nær ómögulegt er fyrir sveitarfélög að stýra íbúabróun í gegnum skipulag eins og sveitarfélögum er uppálagt þegar þessi möguleiki er fyrir hendi. Í lagaákvæðum þarf einnig að koma skýrt fram hver sé ábyrgð sveitarfélagsins þegar óstaðsettir í hús með ekkert staðfang óska eftir þjónustu og ganga eftir meintum réttindum sínum.





Jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps

Félagsheimilinu Borg
Laugardaginn 23. nóvember
kl. 14.00

Aðgangseyrir kr. 1.500.-
innifalið 1x bingóspjald, heitt
súkkulaði og vöflur
Aukaspjald kr. 500.-
Góðir vinningar.

Allur ágóði rennur í Sjóðinn góða sem er samstarfsverkefni ýmissa félagsamtaka í Árnessýslu. Sjóðurinn hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum. Vonumst eftir að sjá sem flesta hressa og káta með klink og seðla til styrktar góðu málefni.

11. Skólaþing 2019.

Fyrir liggur að skólaþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verði haldið mánudaginn 4. nóvember n.k. í Reykjavík. Sveitarstjórn hvetur fræðslunefnd og áheyrnarfulltrúa hennar og fulltrúa ungmennaráðs til að fara á þingið.

12. Orkufundur 2019.

Fyrir liggur að Orkufundur 2019 verður haldinn fimmtudaginn 7. nóvember n.k. í Reykjavík. Lagt fram til kynningar.

13. Aðalfundur samtakanna Landsbyggðin lifi.

Fyrir liggur að aðalfundur samtakanna Landsbyggðin lifi verður haldinn sunnudaginn 20. október n.k. í Reykjavík. Lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 (staðsetning áfengisverslunar), 53. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

15. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 41. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

16. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 35. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

17. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu mál nr. 230/2019, „Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði“.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu mál nr. 230-2019, „Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði“. Lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 285. stjórnarfundar 02.10 2019.

Fundargerð 285. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 2. október 2019 liggur frammi á fundinum.
Sveitarstjórn óskar eftir upplýsingum og rökstuðningi frá stjórn SOS um hvernig staðið var á vali á fyrirtæki til móttöku og ráðstöfunar á brennanlegum úrgangi.

✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 874. stjórnarfundar, 27.09 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:55

Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Tintron verður haldinn miðvikudaginn 20. nóvember klukkan 20:00 í húsi sveitarinnar.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur
- Kosning formanns
- Kosning stjórnar
- Önnur mál



Nýir félagar velkomnir.



Styrktarreikningur sveitarinnar er
0586-26-456 kt. 490487-1319



Jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla verður laugardaginn 30. nóvember kl. 14.00 í húsnaði Háskóla Íslands á Laugarvatni.
Lítið söluborð kostar 1.500 kr. og stórt borð 3.000 kr.

Pantanir fyrir söluborð berist til
Lindu lindadoggsnae@gmail.com s. 868 2384
eða Guðnýjar ketilvellir@simnet.is s. 848 7758

TÓNAHÁTÍÐ FLÓAHREPPS í Félagslundi 70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Hljómsveitin GOSS

SPILAR FYRIR GESTI

Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson & Guðmundur Óskar Guðmundsson

NÓV

15

2019

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ KL. 21

HÚSIÐ OPNAÐ KL. 20
LÉTTAR VEITINGAR TIL SÖLU

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK UNDIR:
TÓNAHÁTÍÐ Í FLÓAHREPPI

MIÐAVERÐ
KR. 3.500



MIÐAPANTANIR Í SÍMA:

RÚNAR: 898 1535

SIGRÚN: 862 1574

HALLA: 862 6445 sms

í Félagslundi

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR